

Nd.

373. Frumvarp til laga

[145. mál]

um byggingarsjóð Listasafns Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð Listasafns Íslands. Stofnfé sjóðsins er það fé, sem Alþingi hefur lagt fram til að byggja vinnusal og íbúð fyrir Jóhannes Sveinsson Kjarval, listmálara.

2. gr.

Þangað til bygging húss fyrir Listasafn Íslands hefst, skal sjóðurinn varðveittur og ávaxtaður í Landsbanka Íslands.

Menntamálaráðuneytið birtir árlega í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði endurskoðaðan ársreikning sjóðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 2. marz 1945 samþykkti sameinað Alþingi ályktun um að verja allt að 300 þúsund krónum til þess að byggja vinnusal og íbúð fyrir Jóhannes Sveinsson Kjarval, listmálara. Var nefnd skipuð til að hafa málið með höndum og áttu sæti í henni Sigurður Guðmundsson, húsameistari, formaður, Kristján Jónsson, kaupmaður og Valgeir Björnsson, hafnarstjóri. Húsameistara ríkisins, próf. Guðjóni Samúelssyni var einnig falið að fjalla um málið. Af framkvæmdum varð þó ekki, en það fé, sem til byggingarinnar var ætlað, var lagt til hliðar og er geymt í ríkissjóði. Árið 1957 tók menntamálaráðuneytið málið upp að nýju, að höfðu samráði við listamanninn, og samþykkti Alþingi 300 þúsund króna fjárveitingu til viðbótar hinni geymdu fjárhæð í fjárlögum fyrir árið 1958. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1959 er gert ráð fyrir 500 þúsund krónum til byggingar Kjarvalshúss. Miðað við að sú fjárhæð verði óbreytt, eru til ráðstöfunar vegna Kjarvalshúss 1.1 milljón króna.

Hinn 7. marz 1958 skipaði menntamálaráðherra nefnd „til þess að sjá um undirbúning og framkvæmd byggingar húss í Reykjavík, er Jóhannesi Sveinssyni Kjarval, listmálara, yrði boðið að búa og starfa í og miðað við að þar yrði komið upp til varðveizlu og sýnis safni af málverkum eftir hann“. Í nefndinni áttu sæti Guðbrandur Magnússon, fyrrv. forstjóri, formaður, Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, Helgi Sæmundsson, formaður Menntamálaráðs Íslands, og Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins. Nefndin lét gera teikningu af húsinu, og gerði Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins, hana. Reykjavíkurbær lét í té lóð undir húsið, og Innflutnings- skrifstofan veitti fyrirheit um fjárfestingarleyfi. En eftir gaumgæfilega athugun málsins hefur Jóhannes Sv. Kjarval skýrt nefndinni og menntamálaráðherra frá því, að hann æski ekki að byggð verði handa sér vinnustofa. Hefur hann ritað menntamálaráðherra svo hljóðandi bréf:

„5. apríl 1959.

Listasafn íslenska ríkisins.

Þeir peningar eða fjárupphæð, sem íslenska ríkið hefur ánaðnað í Kjarvalshúsi, finnast mér æskilegast að gangi sem stofnfé í byggingarsjóð málverkalistasafns íslenska ríkisins.

Virðing og umhyggja,

Jóh. Sv. Kjarval.

Til menntamálaráðherra.“

Með frumvarpi þessu leggur ríkisstjórnin til, að orðið verði við þeirri ósk Jóhannesar Sv. Kjarval, að fé það, sem ætlað hefur verið til byggingar Kjarvalshúss, renni sem stofnfé í byggingarsjóð Listasafns Íslands.